Dags. 1. desember 2020

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar regluverks.

Frumvarpið felur í sér margvíslegar tillögur og breytingar á mörgum ólíkum lagabálkum. Í frumvarpinu kemur fram að framlagning þess sé liður í aðgerðaráætlun ráðuneytisins um einföldun regluverks á málefnasviði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sem ætlað er að einfalda starfsumhverfi atvinnulífsins sem kostur er og taka til endurskoðunar og eftir atvikum fella brott úrelt lagaákvæði og óþarfa leyfisveitingar.

Enn fremur er í frumvarpinu vikið að nýútkominni skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar (OECD) og tekið fram að mikilvægt sé að stjórnvöld gæti þess að lög og reglur sem gilda um atvinnustarfsemi í landinu séu til þess fallnar að styðja við framþróun og hamli ekki með óþarflegum hætti umfram það sem nauðsynlegt er með tilliti til mikilvægra almannahagsmuna hverju sinni. Er þar m.a. lagt til að próf til viðurkenningar bókara sem ráðherra veitir verði aflögð. Þar kemur fram að upphaflegt markmið með viðurkenningu bókara var að auka gæði reikningsskila og skattframtala með aukinni þekkingu bókara á þeim sviðum. Sú leið hafi þá verið farin að fela ráðherra að standa fyrir námskeiði og prófi til viðurkenningar bókara. Tekið er fram að nú sé svo komið að nám bókara sé orðið viðurkennt í atvinnulífinu sem mikilvægur hlekkur í keðju reikningsskila og er því ekki lengur talin þörf á að ráðherra hlutist til um að veita þessa viðurkenningu og standa fyrir sérstökum prófum. Fyrsta skrefið í þessu ferli hafi verið tekið með lagabreytingu árið 2011 þegar felld hafi verið á brott skylda ráðherra til að hlutast til um að námskeið yrðu haldin. Samkvæmt frumvarpinu er talið tímabært að taka næsta skref og því sé lagt til að viðurkenningu ráðherra verði hætt og lögverndun starfsheitisins því aflögð.

Fyrst er til þess að taka að þau rök sem viðhöfð er við að fella á brott lögverndun viðurkenndra bókara vekja athygli, þ.e. að mikilvægi náms bókara i atvinnulífinu eigi að leiða til þess að löggilding á starfsheitinu viðurkenndur bókari eigi að falla á brott. Ljóst er að sá sem hefur lokið prófi sem viðurkenndur bókari hefur sýnt fram á ákveðna hæfni og eiginleika og hefur sú vegferð sem hófst með lögum nr. 127/1997, hefur án efa aukið veg og gæði náms í bókhaldi. Sama má í raun segja um lögverndun á starfsheitinu viðskiptafræðingur og hagfræðingur, og verður að gjalda varhug við þessum breytingum án mun dýpri umræðu og skoðunar.

Samiðn vill taka fram mikilvægi þess að stjórnvöld vandi til verka í þessari vegferð sinni að einfalda regluverk í atvinnulífinu. Að stjórnvöld rýni þær tillögur sem fram koma í skýrslu OECD með gagnrýnum hætti. Að stjórnvöld horfi með ríkum hætti til almennings, og þar með neytenda, og hvernig hægt er að verja þá með sem bestum hætti. Að almannahagsmunir verði í forgrunni þegar unnið er að því einfalda regluverk í atvinnulífinu.

Að sama skapi er mikilvægt að horfa til þeirra miklu viðskiptalegu hagsmuna, m.a. þann samfélagslega kostnað, ef of miklar tilslakanir eru gerðar til þeirra krafna sem löggilding felur í sér. Ekki verður séð að neitt slíkt mat hafi farið fram, hvorki í frumvarpi þessu né téðri skýrslu OECD.

Samiðn hvetur því stjórnvöld til þess að horfa til fleiri þátta en einungis nýútkominnar skýrslu OECD í þeirri yfirlýstu vegferð sinni að einfalda regluverk. Kapp er best með forsjá.

F.h. Samiðnar

Elmar Hallgríms, framkvæmdastjóri Samiðnar